

September 1966

4

Fréttabréf

Kjararannsóknarnefndar

F R E T T A B R E F

4

Kjararannsóknarnefnd er þannig skipuð
í september 1966:

Björn Jónsson (formaður)

Björgvin Sigurðsson

Helgi Bergs

Hjalti Kristgeirsson

Sigurvin Einarsson

Þorvarður Alfonsen

Efnisyfirlit:

1. Vinnulaun og vinnutími 1965.

Birtar eru upplýsingar um meðalárslaun og meðalársvinnustundafjölda verkamanna og nokkurra iðnaðarmanna í Reykjavík, og hlutfallslega skiptingu vinnutímans (dvt., evt. og nvt.) og samanburður við árin 1963 og 1964.

2. Tölur um launastatistik

Tafla I Vinnulaun og vinnutími verkamanna 1965

Tafla II Hlutfallsleg skipting vinnutíma verkamanna 1965.

Tafla III Samanburður á vinnutíma verkamanna 1963-65.

Tafla IV Vinnulaun og vinnutími verkamanna 1963 og 1964.

Tafla V Vinnulaun og vinnutími iðnaðarmanna 1965.

Tafla VI Hlutfallsleg skipting vinnutíma iðnaðarmanna 1965.

3. Samsetning tímalauna verkamanna 1961-1965

Hér er gerð tilraun, byggð á þeim upplýsingum, sem fyrir hendi eru, til að skipta tímalaunum (þ.e. meðaltíma kaup + orlof) verkamanna upp í eftirtalda þætti. Umsamið dagvinnukaup, ákvæðisvinnuálag og yfirborganir, yfirvinnuálag og orlofsgreiðslu.

4. Launastatistik 1966

Frásögn af undirbúningsvinnu og framkvæmd.

5. Framiærsluvísitala, vísitala neytluvöru og þjónustu- og kaupgreiðsluvísitala.

Vinnulaun og vinnutími í Reykjavík 1965.

Í þriðja Fréttabréfi Kjararannsóknarnefndar í marz 1966 eru birtar upplýsingar um meðaltíma kaup verkamanna og nokkurra iðnaðar-
manna fyrir árið 1965 (ársfjórðungslega).

Úr því úrtaki, sem fyrir lá til grundvallar þessum upplýsingum, hefur nú verið tekið annað úrtak, sem nær til þeirra, sem vinna allt árið eða nær allt árið á sama vinnustað, og unnið úr þeim gögnum á sama hátt og gert var fyrir árið 1964 (Fréttabréf 2).

Þessar niðurstöður um meðal-ársvinnutíma og meðalárslaun árið 1965 fara hér á eftir í töflum I - VI.

Við samanburð á þessum niðurstöðum og ársfjórðungslegum niðurstöðum 1965 (Fréttabréf 3), kemur í ljós, svo sem vænta mátti, að meðaltíma kaup er lítið eitt hærra og yfirvinna í sumum starfsgreinum, einkum fiskvinnu, nokkru meiri hjá föstum starfsmönnum en öðrum. Þannig reyndist samanvegið meðaltíma kaup Dagsbrúnarverkamanna árið 1965 kr. 53,1 samkvæmt ársfjórðungsstatistik, án orlofs (tafla VI. Fréttabréf 3) en kr. 55,9 hjá þeim "föstu starfsmönnum", sem þetta úrtak nær til, eða 5,3% hærra.

Verkamenn.

Tafla I hér á eftir sýnir meðalársvinnutíma (Dvt., Evt., Nvt. og samtals) og meðalárslaun Dagsbrúnarverkamanna 1965 í almennri verkamannavinnu, aðstoðarmanna við fagvinnu og stjórnendur véla og tækja, sundurliðað fyrir hvern hóp fyrir sig og samanvegið, eins og taflan ber með sér. Launin eru reiknuð með orlofi í þessari töflu, en tíma-
kaup í dagvinnu og meðaltíma kaup eru án orlofs. Sá hópur, sem hér er flokkaður undir heitið "almenn verkamannavinna" til aðgreiningar frá aðstoðarmönnum við fagvinnu og stjórnendum véla og tækja, er að þessu sinni samanvegin eftir nokkru nákvæmara vigtarkerfi en gert var árið 1963 og 1964. Til þess að koma í veg fyrir rangan samanburð aftur í tímann, sem af þessari breytingu í vigtarkerfinu gæti leitt, eru árin 1963 og 1964 vegin á ný í töflu IV, samkvæmt þessu nýja vigtarkerfi. Breytingarnar á ársmeðaltölum 1963 og 1964, sem þessi breyting á vigtarkerfi hefur í för með sér, eru tiltölulega litlar eða 1-2,8%.

Samkvæmt töflu I er meðalársvinnutími verkamanna í Reykjavík 2861 klst. árið 1965 og meðalárslaun kr. 171 þúsund, orlof meðtalið. Lengstur er vinnutíminn hjá verkamönnum í frystihúsum 3057 klst. (3069 klst. 1964) og oliufdreifingu 3026 klst. (3238 klst. 1964).

Þegar vinnutími og árslaun hinna ýmsu starfshópa verkamanna er veginn saman á sama hátt árin 1964 og 1965, verður niðurstaðan þessi:

	Vinnustundir				Laun + orlof þús. kr.
	Dvt	Evt	Nvt	Samt.	
1965	2113	363	385	2861	171
1964	2140	393	392	2925	148
Breyting	-27	-30	-7	-64 (2,2%)	+ 23 (16%)

Samkvæmt þessu hefur meðalársvinnutími stytzt um 64 klst., eða 2,2% og meðalárslaun með orlofi hækkað um 23 þúsund kr., eða 16% á árinu 1965.

Sé litið á breytingu meðalárslauna og vinnutíma hinna þriggja meginhópa verkamanna, sem fjallað er um í töflu I, kemur í ljós, að meðalárslaunin hafa hækkað misjafnlega mikið frá 1964, eins og eftirfarandi sýnir:

	Laun (þús.kr.)		Hækkun %	Vinnustundir		Lækkun %
	1964	1965		1964	1965	
Alm. verkamenn	143	163	14	2923	2866	2
Aðst.m.v.fagv.	144	168	16	2822	2696	4
Stjórn.véla og tækja	161	191	18	3014	2982	1
Vegid meðaltal	148	171	16	2925	2861	2

Gera má ráð fyrir því, að stytting vinnuvikunnar í júlí 1965 úr 48 klst. hafi valdið styttingu dagvinnutímans.

Á árinu 1965 var sett á yfirvinnubann í nokkra daga, á meðan samningsviðræður fóru fram, sem sennilega á sinn þátt í fækkandi eftirvinnutímum. Þess ber að gæta, að 44 klst. vinnuvika á skertu kaupi var komin til framkvæmda í hafnarvinnu og víðar, áður en samið var um hana sem almenna reglu í júlí 1965 og hefur því ekki þau áhrif, sem annars mætti ætla.

En þó að rök hnigi þannig að því, að vinnutíminn 1965 hafi átt að breytast frá 1964, eins og að framan greinir, eru breytingarnar milli árána þó svo litlar, að óráðlegt er að taka þær of bókstaflega. Það eru sem sé litlar eða engar líkur á því, að vinnutíminn sé nákvæmlega sá sami tvö eða fleiri ár í röð.

Dagvinnutímarnir hér að framan eru greiddar vinnustundir, en ef finna skal raunverulega unnar vinnustundir, ber að minnka dagvinnustundirnar um ca. 3,5% árið 1964 og 3,6% árið 1965, vegna greiddra helgidaga hjá þeim, sem fá greitt fast vikukaup.

Tafla II sýnir hlutfallslega skiptingu vinnutímans árið 1965 í dagvinnutíma, eftirvinnutíma og næturvinnutíma og árið 1964 til samanburðar. Eru bæði árin vegin á sama hátt. Sézt af töflunni, að um nokkrar minniháttar breytingar á samsetningu vinnutímans er að ræða milli þessara ára. Eru allar breytingar í þá átt, að hlutur dagvinnunnar í heildarvinnutímanum hefur aukizt lítilsháttar frá 1964 nema hjá stjórnendum véla og tækja, þar sem hlutur dagvinnunnar er nokkru minni en 1964. Vegin meðaltöl hinna þriggja aðalhöpa verkamanna, sem um er fjallað í töflunni, eru þannig:

	Dvt	Evt	Nvt	Samt.
a. <u>Alm. verkamenn</u>				
1965	74	13	13	100
1964	72	14	14	100
b. <u>Aðst.m.v. fagv.</u>				
1965	80	13	7	100
1964	78	15	7	100
c. <u>Stjórn véla og tækja</u>				
1965	71	11	18	100
1964	72	11	17	100
<u>Samanvegið a - c</u>				
1965	74	13	13	100
1964	73	14	13	100

Þessar litlu breytingar á samsetningu vinnutímans frá ári til árs, þrátt fyrir mjög mikla og almenna yfirvinnu í atvinnulífinu, þar sem rúmlega 1/4 vinnutímans er yfirvinna og rúmlega 37% af árslaununum greiðsla fyrir yfirvinnu, virðist benda til þess, að þetta yfirvinnufyrirkomulag sé orðið allfastmótað.

Tafla III sýnir samanburð á heildarvinnustundafjölda verkamanna árin 1963-1965, að svo miklu leyti, sem tók eru á að bera þessi ár saman. Árið 1963 vantar upplýsingar um aðstoðarmenn við trésmíði og bifvéla- og vélaviðgerðir og krana- og ýtustjóra. Þeir hópar, sem upplýsingar vantar um 1963, hafa lengri vinnutíma árið 1964 en þeir, sem upplýsingar fengust um bæði árin. Mætti því e.t.v. draga af þessu þá ályktun, að veginn meðalvinnutími 1963 ætti að vera lítið eitt lengri en hér er talið (2940 klst.).

Þetta yfirlit sýnir, að vinnutíminn hafi verið að styttest á þessum árum

	1963 (2940) klst.
	1964 2925 "
	1965 2861 "

Tafla IV sýnir vinnulaun og vinnustundir verkamanna árin 1963 og 1964, vegið saman á sama hátt og árið 1965.

I þessari töflu kemur ekkert nýtt fram, og er hún, eins og áður segir, sett hér eingöngu til að auðvelda samanburð milli áranna, þar sem tölurnar hafa ekki áður verið vegnar saman á þennan hátt.

Helztu kaupbreytingar verkamanna á árinu 1965 eru þessar:

	<u>Meðaltímak.</u>		<u>Hækkun</u>		<u>Tímak. í dagv.</u>		<u>Hækkun</u>	
	1964	1965	kr.	%	1964	1965	kr.	%
Alm. verkamenn	45,9	53,1	7,2	16	38,2	44,7	6,5	17
Aðst.m.v. fagv.	47,9	58,2	10,3	22	41,7	51,8	10,1	24
Stj. véla og tækja	50,8	59,9	9,7	18	41,1	49,3	8,2	20
Vegið maðaltal	47,5	55,9	8,4	18	39,6	47,1	7,5	19

Iðnaðarmenn

Það hefur verið sömu erfiðleikum bundið að afla upplýsinga um vinnutíma og vinnulaun iðnaðarmanna árið 1965 og var fyrir árið þar á undan. Liggja til þess ýmsar ástæður. Má t.d. nefna, að sífellt eru fleiri fagfélög að fara yfir í ákvæðisvinnu, og eru vinnutímar þá hvergi færðir né haldið til haga, þannig að vitneskja um vinnutímann er hvergi handbær. Má því segja, sö sú tilraun, sem hér hefur verið gerð til að tína saman upplýsingar um iðnaðarmenn, gefi ekki þær niðurstöður, sem æskilegt hefði verið, enda úrtakið svo misjafnt, að ekki er ástæða til að ætla, að það sýni rétta mynd af hinni raunverulegu þróun. Þó má segja, að úrtakið sé fullnægjandi að því er tekur til járn- og skipasmiða.

Tafla V sýnir vinnulaun og vinnustundir nokkurra fagfélaga 1965 (ársmeðaltöl). Séu þessar niðurstöður bornar saman við hlið-stæðar niðurstöður 1964, kemur í ljós, að vinnutími trésmiða og rafvirkja er allmiklu lengri 1965 en var 1964. Vinnutími járnsmiða, bifvélavirkja og skipasmíða er aftur á móti styttri 1965 en 1964. En vegna þess, hvað trésmiðir og rafvirkjar vege mikið á vinnu-markaðinum, verður niðurstaðan sú, að vegið meðaltal vinnutímans verður 2856 klst. 1965 á móti 2743 klst. 1964 eða að vinnutíminn hefur lengst um 113 klst.

Það skal tekið fram, að trésmiðir þeir, sem hér eru teknir í úrtakið, vinna eingöngu tímavinnu. Vegin meðalárslaun þeirra iðnaðar-manna, sem fjallað er um í töflu V. eru 232 þús. kr. með orlofi 1965, á móti 176 þús. kr. 1964, eða hafa hækkað um 32%. Séu eftirvinnu- og næturvinnutímar umreiknaðir í hlutföllunum 100 : 150 : 187,5 árið 1965, kemur í ljós, að tímakaup iðnaðarmanna í dagvinnu árið 1965 hefur verið, samkvæmt þeim heimildum, sem fyrir liggja, kr. 64,90 án orlofs á móti kr. 52.30 árið 1964 eða 24% hærra.

Ef litið er á járnsmíði sérstaklega, en eins og áður segir má telja upplýsingar um þann hóp nægilega traustar til að byggja launa-statistik á, eru niðurstöðurnar þessar:

Meðalvinnutíminn 1965 er 2763 klst. á móti 2804 klst. 1964 eða 41 klst. styttri. Meðalárslaun eru 234 þúsund kr. 1965 á móti 183 þús. kr. 1964, eða 28% hærri. Tímakaup í dagvinnu án orlofs er kr. 67.70 árið 1965 á móti kr. 52.80 árið 1964 eða 28% hærra.

Þessi hækkan á meðaltímakaupi og meðalárslaunum iðnaðarmanna verður ekki að öllu skýrð með hækkanum á kaupsóxtum, vegna samninga og vísitölubreytinga. Margt fleira getur einnig komið hér til. Má t.d. nefna betri tíund, aukna ákvæðisvinnu hjá járnsmiðjum, auknar yfirborganir við störf, þar sem ákvæðisvinnu verður ekki við komið. Einnig er algengt, að umsamið álag á tímakaup fyrir ákveðin störf sé greitt fyrir fleiri störf en samið hafði verið um o.s.v. frv. Er ekki ósennilegt, að öllum þessum atriðum sé til að dreifa, og skýri þau að mismunandi miklu leyti þá miklu hækkan, sem virðist hafa orðið á meðalárslaunum iðnaðarmanna árið 1965 frá árinu á undan, miðað við hækkan á meðalárslaunum verkamanna (16%).

Tafla VI sýnir hlutfallslega skiptingu vinnutíma iðnaðarmanna 1965 og 1964, skipt í dagvinnu, eftirvinnu og næturvinnu.

Vegið meðaltal fyrir þá fimm hópa iðnaðarmanna, sem upplýsingar þessar ná til, er þannig:

	Dvt	Evt	Nvt	Samt.
1965	75	13	12	100
1964	79	13	8	100

Sýnir þetta yfirlit, að árið 1965 er hlutur dagvinnunnar minni en 1964 og hlutur næturvinnunnar tilsvarendi meiri. Aukning næturvinnunnar kemur þó nær eingöngu fram hjá trésmiðum og rafvirkjum, eins og taflan ber með sér.

Samningarnir 1965 um styttingu vinnuvikunnar hafa minni áhrif á vinnutíma iðnaðarmanna en verkamanna, þar sem samningar iðnaðarmanna voru gerðir síðar á árinu, og auk þess varð vinnutímastyttingin minni hjá iðnaðarmönnum en verkamönnum, þar sem iðnaðarmenn voru áður búnir að ná samningum um 45-46 stunda vinnuviku.

Akvæðisvinna

Að þessu sinni hafa nefndinni borizt upplýsingar um kaup 21 múrara, sem eingöngu hafa unnið ákvæðisvinnu á árinu 1965. Í þessar upplýsingar vantar alla vitneskju um vinnutímann nema vinnuvikurnar. Kaupgreiðslum á ákvæðisvinnu er þannig háttað, að vikulega er greidd ákveðin upphæð upp í verkið en það síðan endanlega gert upp, þegar því er að fullu lokið og mismunurinn þá greiddur. Þegar athuguð eru árslaun ákvæðismanna, er því nauðsynlegt að fá vitneskju um, hvort þeir áttu óuppgerð verk í ársbyrjun, þannig að laun, sem þeir fengu gerð upp snemma á árinu voru raunverulega fyrir vinnu, sem unnin var á fyrra ári. Sama gildir um ákvæðisverk við árslok. Nauðsynlegt er að fá vitneskju um, hvort og hvað mikið af launum fyrir þau flytzt yfir á næsta ár og verða greidd út þá. Engin vitneskja um þetta liggur fyrir í sambandi við þær upplýsingar, sem hér er fjallað um. Ber því að líta á þær í þessu ljósi.

Upplýsingar, sem fengust eru þessar:

	<u>Fjöldi manna</u>	<u>Vinnuvikur</u>	<u>Laun alls + orlof</u>
Alls	<u>21</u>	<u>1016</u>	<u>5444900.-</u>
á mann		<u>48,3</u>	<u>259 þús.</u>
Vikukaup			<u>5359.- kr.</u>

Hér er að sjálfsögðu um framtaldar og skattskyldar tekjur að ræða, og séu veruleg brögð að því, að tekjur færast milli ára, kemur það í ljós, þegar tekjurnar eru athugaðar nokkur ár í röð. Í framantöldum tekjum eru meðtaldir verkfærapeningar og einnig svonefnt "uppmælingagjald", sem sveinar verða að greiða mælingamanni af kaupi sínu. Mun láta nærri, að það sé um það bil 1% af sveinakaupinu. Yfirvinna í ákvæðisvinnu iðnaðarmanna mun vera hlutfallslega minni en annarsstaðar á vinnumarkaðinum.

Vinnulaun og vinnustundir 1965.

Verkamenn í Dagsbrún	Fj. úrt.	Vog	Vinnustundir pr.mann				Laun + orlof þ.kr.	Tíma-kaup í dgv. kr.	Meðal-tímak. kr.
			Dvt	Evt	Nvt	Samt.			
	1	2	3	4	5	6	7	8	9
a. Alm. verkamenn:									
Ymis störf	55	38	2160	404	290	2854	162	45,6	53,0
Byggingavinna	15	10	2285	450	180	2915	177	50,1	56,7
Fiskvinna	68	15	2017	300	740	3057	165	39,7	50,4
Hafnarvinna	243	25	1945	436	414	2795	150	41,4	50,1
Mjólk.v. & dreif	20	5	2111	28	285	2424	160	55,5	61,7
Olíudreifing	28	7	2185	317	524	3026	186	47,5	57,4
Vegið meðaltal	429	100	2097	376	393	2866	163	44,7	53,1
b. Aðst.m.v.fagv:									
Járnsmiðar	36	35	2191	355	187	2733	161	48,8	55,1
Trésmiðar	3	30	2134	447	86	2667	162	51,0	56,8
Bifvéla viðg.	9	35	2155	287	241	2683	181	55,6	63,0
Vegið meðaltal	48	100	2161	359	176	2696	168	51,8	58,2
c. Stjórn véla og tækja									
Bifreiðastj.	115	80	2131	323	528	2982	191	49,3	59,9
Krana-og ýtustj.	26	20	2062	410	509	2981	192	49,2	60,2
Vegið meðaltal	141	100	2117	341	524	2982	191	49,3	59,9
Samantæki									
a - c									
Alm. verkamenn	429	55	2097	376	393	2866	163	44,7	53,1
Aðst.m.v.fagv.	48	20	2161	359	176	2696	168	51,8	58,2
Stj.véla og tæk.	141	25	2117	341	524	2982	191	49,3	59,9
Vegið meðalt.	618	100	2115	364	382	2861	171	47,1	55,9

Tímakaup í dagvinnu, dálki 8 og meðaltímakaup dálki 9, er án orlofs. Reiknað með 50% eftirvinnuálagi og 91% næturvinnuálagi, þegar reiknað er út tímakaup í dagvinnu í dálki 8.

T A F L A II

Hlutfallsleg skipting vinnutímans 1964 og 1965.

Verkamenn í Dagsbrún	1 9 6 4				1 9 6 5			
	Dvt	Evt	Nvt	Samt.	Dvt	Evt	Nvt	Samt.
	1	2	3	4	5	6	7	8
a. Alm. verkamenn:								
Ymis störf	75	15	10	100	76	14	10	100
Byggingavinna	76	15	9	100	78	15	7	100
Fiskvinna	64	13	23	100	66	10	24	100
Hafnarvinna	68	18	14	100	70	16	14	100
Mjólkurvinnsla	87	3	10	100	87	1	12	100
Oliudreifing	70	8	22	100	72	10	18	100
Vegið meðaltal	72	14	14	100	74	13	13	100
b. Aðstoðarm. við fagvinnu:								
Járnsmíðar	80	14	6	100	80	13	7	100
Trésmíðar	75	17	8	100	80	17	3	100
Bifv.-og vélaviðg.	79	14	7	100	80	11	9	100
Vegið meðaltal	78	15	7	100	80	13	7	100
c. Stjórn. véla og tækja:								
Bifreiðastjórar	73	10	17	100	71	11	18	100
Krana-og ýtustjórar	70	15	15	100	69	14	17	100
Vegið meðaltal	72	11	17	100	71	11	18	100
Vegið meðaltal a-c	73	14	13	100	74	13	13	100

T A F L A III

Samanburður á vinnutíma 1963-1965.

Verkamenn í Dagsbrún	Vog	Vinnustundir ársmeðaltöl		
		1963	1964	1965
	1	2	3	4
<u>a. Alm. verkamenn:</u>				
Ymis störf	38	2787	2907	2854
Byggingarvinna	10	2701	2763	2915
Fiskvinna	15	2950	3069	3057
Hafnarvinna	25	2918	2908	2795
Mjólkurvinnsla og dreif.	5	2740	2563	2424
Olíudreifing	7	3381	3238	3026
Vegið meðaltal	100	2875	2923	2866
<u>b. Aðstoðarm. við fagvinnu</u>				
Járnsmiði	35	2861	2671	2733
Trésmiði	30	-	2959	2667
Bifvéla-og vélaviðg.	35	-	2856	2683
Vegið meðaltal	100	(2861)	2822	2696
<u>c. Stjórn véla og tækja:</u>				
Bifreiðastjórar	80	3147	2995	2982
Krana- og ýtustjórar	20	-	3094	2981
Vegið meðaltal	100	(3147)	3014	2982
Samanvegið a - c		(2940)	2925	2861

T A F L A IV

Vinnulaun og vinnustundir 1963 og 1964.

	Fj. úrt.	Vog	Vinnustundir pr.mann				Laun (p.kr)	Tímak. í dg. (kr)	Meðal- tímak. (kr)
			Dvt	Evt	Nvt	Samt.			
1963	1	2	3	4	5	6	7	8	9
<u>Alm. verkamenn:</u>									
Ymis störf	53	38	2096	413	278	2787	111	32,0	37,6
Byggingavinna	14	10	2080	432	189	2701	112	34,0	39,1
Fiskvinna	18	15	1623	442	885	2950	122	28,4	39,0
Hafnarvinna	136	25	1897	467	554	2918	111	28,3	35,9
Mjólk.v.og dreif.	20	5	2411	55	274	2740	111	34,4	38,2
Olíudreifing	8	7	2401	237	743	3381	125	27,8	34,9
Vegið meðaltal	249	100	2011	403	461	2875	114	30,6	37,4
<u>Aðst.m.v/járnsn.</u>	7		2031	401	429	2861	116	31,4	38,2
<u>Bifreiðastjórar</u>	66		2273	284	590	3147	132	32,1	39,6
1964									
<u>Alm. verkamenn:</u>									
Ymis störf	60	38	2192	420	295	2907	138	38,0	44,6
Byggingavinna	25	10	2091	429	243	2763	159	46,2	54,0
Fiskvinna	48	15	1956	389	724	3069	151	35,7	46,2
Hafnarvinna	213	25	1974	527	407	2908	135	35,4	43,6
Mjólk.v.og dreif.	37	5	2226	66	271	2563	130	42,7	47,6
Olíudreifing	37	7	2251	267	720	3238	171	39,5	49,6
Vegið meðaltal	420	100	2098	414	411	2923	143	38,2	45,9
<u>Aðstoðarm.við:</u>									
Járnsmiðar	39	35	2139	365	167	2671	139	43,1	48,9
Trésmiðar	9	30	2230	509	220	2959	140	38,1	44,4
Bifvélavirkjun	6	35	2253	397	206	2856	153	43,9	50,3
Vegið meðaltal	57	100	2206	419	197	2822	144	41,7	47,9
<u>Stjórnend.véla:</u>									
Bifreiðastjórar	153	80	2183	295	517	2995	157	40,4	49,2
Kranastjórar	32	20	2170	451	473	3094	178	44,1	54,0
Vegið meðaltal	185	100	2180	326	508	3014	161	41,1	50,2
Alls 1964	659		2140	393	392	2925	148	39,6	47,5

T A F L A V

Vinnulaun og vinnustundir 1965

Iðnaðarmenn	Fj. úrt.	Vog	Vinnustundir pr.mann				Laun torlof í þ.kr.	Tímak. í dg. kr.	Meðal- tímak. kr.
			Dvt	Evt	Nvt	Samt.			
	1	2	3	4	5	6	7	8	9
Trésmiðir	7	36	2170	410	446	3026	246	63,5	76,0
Járnsmiðir	101	27	2081	352	330	2763	234	67,7	79,2
Bifvélavirkjar	10	9	2153	317	194	2664	216	67,5	75,8
Skipasmiðir	12	2	2090	285	236	2611	196	61,9	70,2
Rafvirkjar	23	26	2170	343	288	2801	218	63,2	72,7
Vegið meðaltal	153	100	2143	366	347	2856	232	64,9	75,9

Reiknað er með 50% eftirvinnuálagi, 87,5 % næsturvinnu-
álagi og 7% orlofi við útreikning á tímakaupi í dagvinnu,
dálki 8. Meðaltímakaup, dálkur 9, er án orlofs.

T A F L A VI

Hlutfallsleg skipting vinnutímans 1964 og 1965.

	Vinnutími 1964				Vinnutími 1965			
	Dvt	Evt	Nvt	Samt	Dvt	Evt	Nvt	Samt.
	1	2	3	4	5	6	7	8
Trésmiðir	78	14	8	100	72	14	14	100
Járnsmiðir	76	13	11	100	75	13	12	100
Bifvélavirkjar	79	12	9	100	81	11	8	100
Skipasmiðir	77	10	13	100	80	11	9	100
Rafvirkjar	83	12	3	100	77	12	11	100
Vegið meðaltal	79	13	8	100	75	13	12	100

Samsetning tímalauna Dagsbrúnarmanna

á árunum 1961 - 1965.

Hér á eftir verður gerð grein fyrir þróun tímakaups 7 starfshópa Dagsbrúnarmanna á árunum 1961-1965. Hóparnir eru vegnir saman á þann hátt, sem athuganir hafa leitt í ljós, að stærðarhlutföll þeirra eru. Allar tölurnar eru ársmeðaltöl.

Tölur um samningsbundið tímakaup í dagvinnu eru unnar sérstaklega í tilefni þessarar ritgerðar úr kjarasamningum Dagsbrúnar, og eru sýndar á töflu I.

Tafla II sýnir greitt tímakaup í dagvinnu. Þær tölur eru teknar úr skýrslu Kjararannsóknarnefndar, sem nefnist vinnutími og vinnulaun 1966, og birtist hér að framan.

Að herra dagvinnukaup er greitt en vera skyldi samkvæmt samningum stafar ekki eingöngu af því, að um yfirborganir sé að ræða, heldur kemur ákvæðisvinnuálag, þar sem það er greitt, einnig til hækkunar á greiddu dagvinnukaupi. Því miður er ekki hægt að fullyrða neitt um það, hversu mikill hluti mismunarins sé ákvæðisvinnuálag. Þó má geta þess, að ákvæðisvinnuálag er algengt hjá aðstoðarmönnum við járnsmíðar.

Tafla III sýnir meðaltímakaupið án orlofs. Mismunurinn á dagvinnukaupi, eins og það er raunverulega greitt, og meðaltímakaupi, sýnir þá krónutölu, sem yfirvinnan hækkar meðaltímakaupið um

Orlof reiknaðist 6% árin 1961-63, 6,5% árið 1964 og 7% árið 1965

Tafla IV sýnir allar þessar tölur., nema ekki meðaltímakaupið, en aftasti dálkurinn sýnir meðaltímalaunin(orlof innifalið).

Tafla I

Sammingsbundið tímakaup í dagvinnu
(Krónum pr. Klst.).

	Vog	1961	1962	1963	1964	1965
	1	2	3	4	5	6
Ymis störf	23	22,5	24,8	28,0	34,1	39,8
Byggingarv.	8	22,2	24,4	27,5	33,5	38,9
Fiskvinna	10	21,7	24,0	27,4	33,9	39,4
Hafnarvinna	18	21,7	24,2	27,8	35,4	41,4
Olíudreifing	5	22,2	24,4	27,5	33,5	38,9
Aðst.m.v.Járnsm.	10	22,2	24,4	27,5	33,5	38,9
Bílstjórar	26	24,4	26,6	29,7	36,4	43,1
	100	22,7	25,0	28,2	34,8	40,7

Tafla II

Greitt tímakaup í dagvinnu
(Krónur pr. Klst.).

	Vog	1961	1962	1963	1964	1965
	1	2	3	4	5	6
Ymis störf	23			32,0	38,0	45,6
Byggingarv.	8			34,0	46,2	50,1
Fiskvinna	10			28,4	35,7	39,7
Hafnarvinna	18			28,3	35,4	41,4
Olíudreifing	5			27,8	39,5	47,5
Aðst.m.v.járnsm.	10			31,4	43,1	48,8
Bílstjórar	26			32,1	40,4	49,3
	100			30,9	39,2	46,0

Tafla III

Meðaltíma kaup án orlofs

(Krónur pr. Klst.).

	Vog	1961	1962	1963	1964	1965
	1	2	3	4	5	6
Ymis störf	23	26,4	30,5	37,6	44,6	53,0
Byggingarv.	8	26,4	31,5	39,1	54,0	56,7
Fiskvinna	10	27,4	32,5	39,0	46,2	50,4
Hafnarvinna	18	25,9	30,9	35,9	43,6	50,1
Olíudreifing	5	29,0	33,1	34,9	49,6	57,4
Aðst.m.v.járnsm.	10	29,1	33,7	38,2	48,9	55,1
Bílstjórar	26	28,1	32,4	39,6	49,2	59,9
Maðaltal	100	27,3	31,8	38,0	47,2	54,7

Það skal haft í huga, að vinnutími sá, sem hér er lagður til grundvallar tímakaupsútreikningi, inniheldur veikindadaga, greidda helgidaga og kaffitíma, sem hafa því engin áhrif á upphæð tímakaupsins, þar sem greiðslur vegna þeirra eru einnig meðtaldar á kaupum.

Samsetning tímalauna.

(Krónur)

	Vog	Samh. h. dagv.k.	Akv. álag og yfirb.	Greitt dagv.k	Yfirv - álag	Orlof	Tíma laun
		1	2	3	4	5	6
<u>1963</u>							
Ymis störf	23	28,0	4,0	32,0	5,6	2,2	39,8
Byggingarv.	8	27,5	6,5	34,0	5,1	2,3	41,4
Fiskvinna	10	27,4	1,0	28,4	10,6	2,3	41,3
Hafnarvinna	18	27,8	0,5	28,3	7,6	2,1	38,0
Olfudreifing	5	27,5	0,3	27,8	7,1	2,1	37,0
Aðstm.v.járnsn.	10	27,5	3,9	31,4	6,8	2,3	40,5
Bílstjórar	26	29,7	2,4	32,1	7,5	2,3	41,9
	100	28,2	2,7	30,9	7,1	2,2	40,2
<u>1964</u>							
Ymis störf	23	34,1	3,9	38,0	6,6	2,9	47,5
Byggingarv.	8	33,5	12,7	46,2	7,8	3,5	57,5
Fiskvinna	10	33,9	1,8	35,7	10,5	3,0	49,2
Hafnarvinna	18	35,4	0,0	35,4	8,2	2,8	46,4
Olfudreifing	5	33,5	6,0	39,5	10,1	3,2	52,8
Aðst.m.v.járnsn.	10	33,5	9,6	43,1	5,8	3,1	52,0
Bílstjórar	26	36,4	4,0	40,4	8,8	3,2	52,4
	100	34,8	4,4	39,2	8,0	3,0	50,2
<u>1965</u>							
Ymis störf	23	39,8	5,8	45,6	7,4	3,7	56,7
Byggingarv.	8	38,9	11,2	50,1	6,6	4,0	60,7
Fiskvinna	10	39,4	0,3	39,7	10,7	3,5	53,9
Hafnarvinna	18	41,4	0,0	41,4	8,7	3,5	53,6
Olfudreifing	5	38,9	8,6	47,5	9,9	4,0	61,4
Aðst.m.v.járnsn.	10	38,9	9,9	48,8	6,3	3,9	59,0
Bílstjórar	26	43,1	6,2	49,3	10,6	4,2	64,1
	100	40,7	5,3	46,0	8,7	3,8	58,5

Tafla V

Samsetning tímalauna Dagsbrúnarmanna

(Krónur pr. Klst.).

	1961	1962	1963	1964	1965
	1	2	3	4	5
1. Samningsb.dagv.k	22,7	25,0	28,2	34,8	40,7
2. Akv.álag og yfirb	0,9 ¹⁾	1,5 ¹⁾	2,7	4,4	5,3
Greitt dagv.k.	23,6 ¹⁾	26,5 ¹⁾	30,9	39,2	46,0
3. Yfirv. álag	3,9 ¹⁾	5,3 ¹⁾	7,1	8,0	8,7
Meðaltímakaup	27,5	31,8	38,0	47,2	54,7
4. Orlof	1,4	1,9	2,3	3,1	3,8
Tímalaun	28,9	33,7	40,3	50,3	58,5

Sundurliðun á tímalaunum árána 1961 og 1962 (Tafla V) er gerð þannig, að skipting heildarvinnutímanna í dagv., eftirv. og næturvinnu er áætluð. Síðan er greitt dagvinnukaup fundið með því að reikna út orlofið, sem var 6% á öll laun árið 1962 og seinni helming ársins 1961, en 6% á dagvinnukaup fyrri helming ársins 1961.

Yfirvinnuálagið má finna út frá því, að eftirvinnukaup var 60% hærra en dagvinnukaup, og næturvinnukaup 100% hærra.

Heildarvinnutími þeirra Dagsbrúnarmanna, sem hér um ræðir, var 2660 klst. árið 1961 og 2825 klst. árið 1962 pr. mann. Áætlað er, að þar af séu dagvinnustundir 2100 hvort ár, eftirvinnustundir 300 árið 1961, 330 árið 1962, næturvinnustundir 260 árið 1961 og 395 árið 1962. Samkvæmt þessu reiknast greitt tímakaup í dagvinnu kr. 23,6 árið 1961 og 26,5 árið 1962. Orlofs-greiðsla pr. unna klst. var 1,4 kr. árið 1961, og 1,9 kr. árið 1962. Meðallaun pr. mann voru kr. 77 þúsund árið 1961 og 96 þúsund árið 1962 (í launum er orlof innifalið).

1) áætlaðar tölur

Tafla VI

Arlegar kauphækkningar 1962-1965

(Krónur pr. Klst.).

Aukning á:	1962	1963	1964	1965
1. Samn.b. dagv.k.	2,3	3,2	6,6	5,9
2. <u>Akv. álag og yfirb.</u>	<u>0,6</u>	<u>1,2</u>	<u>1,7</u>	<u>0,9</u>
Greiddu dagv.kaupi	2,9	4,4	8,3	6,8
3 <u>Yfirvinnuálagi</u>	<u>1,4</u>	<u>1,8</u>	<u>0,9</u>	<u>0,7</u>
4 <u>Meðaltíma kaup</u>	<u>4,3</u>	<u>6,2</u>	<u>9,2</u>	<u>7,5</u>
Orlof	0,5	0,4	0,8	0,7
Tímaláunum	4,8	6,6	10,0	8,2
Tímaláun fyrra árs	28,9	33,7	40,3	50,3
Tímaláun	33,7	40,3	50,3	58,5

ágúst 1966

Dorvarður Elfsson.

Launastatistik 1966.

Eins og áður hefur verið getið um í Fréttabréfi Kjararannsóknarnefndar hefur verið unnið að því að stækka það úrtak verulega, sem liggur til grundvallar upplýsingum þeim, sem nefndin lætur frá sér fara um vinnulaun og vinnutíma. Var að því stefnt, að þetta mætti takast á árinu 1966, jafnframt því, sem unnið var að gerð launaskýrslu fyrir árin 1964 og 1965 á þeim grundvelli, sem byrjað var á í upphafi.

Má segja að þetta starf sé nú vel á veg komið, þrátt fyrir ýmsa erfiðleika. Hefir nefndin haft samband við mörg fyrirtæki í Reykjavík sem hafa verkamenn og iðnaðarmenn í þjónustu sinni, og notið til þess stuðnings þeirra samtaka vinnuveitenda, sem aðild eiga að Kjararannsóknarnefnd. Hefur þannig náðst samstarf við um 70 fyrirtæki, sem láta nefndinni ársfjórðungslega í té upplýsingar um vinnutíma og vinnulaun starfsfólks síns. Mörg þessara fyrirtækja hafa þurft að endurskipuleggja launabókhald sitt í þessu skyni og hefur það kostað þau allmikla fyrirhöfn og tíma.

Nefndin hefur ákveðið að láta vinna úr frumgögnunum í skýrslugerðarvélum. Hefur verið mikið verk að undirbúa þann þátt starfsins.

Allt hefur þetta starf seinkað því nokkuð að unnt væri að birta fyrstu skýrslurnar um vinnulaun og vinnutíma ársins 1966. En nú er þó svo komið að lokið er að setja upplýsingarnar inn á gataspjöld og má gera ráð fyrir, að skýrslur um 1. ársfjórðung 1966 liggi fyrir í okt. n.k. En úr því ættu hinir ársfjórðungarnir að geta komið með eðlilegu millibili. Launaskýrslur fyrir árið 1966 munu ná til 3-4000 manns á móti um það bil 1000 manns, sem launaskýrslur 1964 og 1965 náðu til.

Þá hefur verið ákveðið, að breyta útgáfustarfi Kjararannsóknarnefndar þannig, að ársfjórðungslegar launaskýrslur verða gefnar út í sérstöku hefti eins og þær eru unnar af skýrslugerðarvélunum, og eiga þeir, sem slíkar skýrslur þurfa að nota, kost á því að fá þær.

Síðan verður fjallað um helztu niðurstöður þeirra um laun og vinnutíma og samanburð milli ársfjórðunga og ára í sérstöku greinum í Fréttabréfi Kjararannsóknarnefndar. Verða þar sennilega dregnir saman tveir eða fleiri ársfjórðungar, nema sérstök ástæða sé til annars.

Þegar starf Kjararannsóknarnefndar er komið á þann reksþöl, sem hér hefur verið gerð grein fyrir, er þess að vænta, að framvegis geti legið fyrir ferskar upplýsingar um vinnutíma og vinnulaun verkafólks, en jafnframt því þarf svo að vinna áfram að því, að upplýsingarnar nái til sem flestra verkamanna og fagmanna (helst allra), svo að skýrslugerðin geti orðið fyllilega sambærileg við það, sem gerist með nágrannarþjóðunum.

Framfærsluvísitala. Vísitala neyzluvöru og þjónustu
og kaupgreiðsluvísitala.

<u>Ar</u>	<u>Framfærsluvísitala</u>	<u>Vísitala neyzluvöru</u>
1959	100	100
1960	103	109
1961	108	121
1962	119	136
1963	135	153
1964	161	183
1965	172	197
1966:		
1. ársfj.	183	212
2. ársfj.	189	220

Kaupgreiðsluvísitala

<u>Ar</u>	<u>Tímabil</u>	<u>Vísitala</u>	<u>Alag á grunnlaun %</u>
1965	jan-febrúar	163	-
"	marz-maí	168	3,05
"	júní-ágúst	169	3,66
"	sept-nóv.	171	4,88
"	desember	<u>175</u>	<u>7,32</u>
	Ársmeðaltöl	<u>168,75</u>	<u>3,51</u>
1966	jan-febrúar	175	7,32
"	marz-maí	178	9,15
"	júní-ágúst	185	13,42
"	sept-nóv.	188	15,25

Heimild: Hagtíðindi.